



**297. Stjórnarfundur haldinn 16. október 2007 kl:17:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

**2. Innkominn bréf.**

Bréf frá : UMFÍ v/ 45.þings dagskrá og tillögur, UMFÍ v/ lottóúthlutun 2007, tölvupóstur frá UMFÍ v/ námskeiðs í viðburðarstjórnun, tölvupóstur frá Eðvarði T. Jónssyni v/ ritun á sögufélagsins, tölvupóstur frá formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur v/ styrks til handa dómara, tölvupóstur frá Ásmundi Friðrikssyni v/ stöðu mála í Reykjaneshöll (svifryk) og tölvupóstur frá Hugur AX v/ TOK morgunverðarfundar.

**3. Send bréf.**

Bréf sent í tölvupósti til deilda félagsins v/ skil á greinum í jólablað 2007. Sótt um styrk til fræðslusjóðs UMFÍ v/ heimasíðu. Sent kjörbréf til UMFÍ v/ 45. þings UMFÍ 2007.

**4. 45. sambandsþing UMFÍ 20. – 21. október 2007**

Umræður um væntanlegt þing. Farið yfir dagskrá og tillögur sem sendar hafa verið út og liggja fyrir þinginu.

**5. Ritun sögu félagsins.**

EH kynnti tilboð í ritun á sögu félagsins frá Eðvarði T. Jónssyni. Stjórnin tekur jákvætt í tilboðið og ætlar að boða Eðvarð til fundar.

**6. Önnur mál.**

EH kynnti digital prentaðan borðfána. Stjórnarmenn ánægðir með hann. Framkvæmdastjóra falið að láta útbúa: Borðfána 100 stk., bindisnælur og barmmerki 500 stk. og 1000 stk. af pennum með keflavik.is og logói. EH kynnti hugmynd sem er í gangi með að láta útbúa minnisblokkir. Framkvæmdastjóra falið að kaupa stuðningsmannakort af körfuknattleiksdeild með sama hætti og síðustu ár.

*„Viðar Már Aðalsteinsson frá fasteign ehf kynnti stjórn félagsins þær breytingar sem gerðar hafa verið á fyrirhuguðu félagsheimili Keflavíkur á fundi fyrr um daginn eða kl. 16:15 – 17:00 einnig voru þau Stefán Bjarkason og Dagný Gísladóttir viðstödd kynninguna fulltrúar RNB“.*

Rætt um þær breytingar sem kynntar voru um niðurskurð á væntanlegu félagsheimili félagsins. Stjórnarmenn ekki sáttir með þær niðurskurðartillögur sem lagaðar voru fram. Stjórnin leggur ríka áherslu á að haldið verið áfram með fyrri tillögu sem er lágmarkspörf félagsins fyrir starfsseminu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:45

